



**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [gudrunm@myv.is](mailto:gudrunm@myv.is)

## **Fundargerð. Skipulags- og umhverfisnefnd.**

### **11. fundur.**

Fundur í Skipulags- og umhverfisnefnd mánudaginn 19. des. 2011 kl. 10:00, á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6. Mættir Margrét Hólm Valsdóttir, Karl Emil Sveinsson, Birgir Steingrímsson, Eyrún Björnsdóttir, Pétur Snæbjörnsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

#### **Dagskrá:**

**1. Fundarsetning.**

Formaður setti fund og bauð menn velkomna.

**2. Erindi frá Landsvirkjun, ósk um stöðuleyfi fyrir vinnubúðir á lóð „Kísiliðjunnar“**

Með bréfi óskar Jón H. Gestsson f.h. Landsvirkjunar eftir stöðuleyfi fyrir vinnubúðum verkeftirlits Landsvirkjunar vegna Bjarnarflagsvirkjunar skv. m.f. teikningum. Um er að ræða 18 íbúðir á einni hæð, austan við steyp skrifstofuhúsnæði sem áður var í eigu Kísiliðjunnar.

Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að veita umbeðið leyfi til eins árs.

Jafnframt að kannað verði með heimild til innheimtu fasteignagjalda af stöðuleyfisbyggingum.

**3. Erindi frá Landsvirkjun, ósk um endurnýjað stöðuleyfi fyrir vinnubúðir á lóð „Kísiliðjunnar“**

Með tölvupósti óskar Jón H. Gestsson f.h. Landsvirkjunar eftir áframhaldandi stöðuleyfi fyrir vinnubúðir á lóð Landsvirkjunar í Bjarnarflagi, áður lóð Kísiliðjunnar.

Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að veita umbeðið leyfi til eins árs.

**4. Erindi frá eigendum Haganes, ósk um tengingu við hitaveitu.**

Með bréfi dags. 17. nóv. óska eigendur húsa í landi Haganes eftir tengingu við hitaveitu.

Nefndin fagnar framkomnu erindi. En telur að við núverandi aðstæður sé ekki hægt að verða við því. Því er beint til sveitastjórnar að skoða málið að nýju þegar mótuð hefur verið framtíðarstefna fyrir hitaveituna.

**5. Erindi frá Hjálmarí Péturssyni f.h. Landafélagsins, skipulagslýsing og ósk um heimild til deiliskipulagsgerðar í landi Arnarvatns.**

Fyrir fundinum liggur lýsing á skipulagsverkefni vegna hótels í landi Arnarvatns. Jafnframt er óskað eftir heimild til deiliskipulagsgerðar á sama svæði.

Skipulagsnefnd getur ekki lagt til við sveitarstjórn að samþykkja framkomna skipulagslýsingu að óbreyttu. Nefndin getur alls ekki samþykkt eins og fram kemur í lýsingunni að húsagerð verði frjálís. Í því sambandi er bent á kafla 4.1.3. í aðalskipulaginu en þar segir: „**Byggingarlist.**

**Mývatnssveit er ein merkilegasta náttúruperla landsins. Fegurð sveitarinnar er rómuð og einstök á heimsvísu. Mikill fjöldi ferðamanna leggur leið sína í Mývatnssveit til þess að upplifa óviðjafnanlegt umhverfi. Því er það eindregin stefna skipulagsáætlunarinnar að manngert umhverfi skuli öðru fremur einkennast af góðri byggingarlist og sómasamlegri umgengni og frágangi bújarða og lóða. Mannvirki skulu felld að landi á smekklegan hátt með virðingu fyrir náttúrunni. Umfang bygginga, húsgerð, form og litasetning skal vera í góðu samræmi við viðkvæmar aðstæður hverju sinni. Einfaldar skúrabyggingar eða gámaeiningar eru ekki viðeigandi húsgerðir við þær aðstæður sem lýst hefur verið. Byggingarnefnd og sveitarstjórn ber að meta þessi atriði við afgreiðslu byggingarleyfa með það að markmiði at tryggja gæði bygginga m.t.t. notagildis, endingar, tæknilegra gæða, útlits og formfegurðar.”**

Þá er alls ósljóst hvort verið er að óska eftir því að viðkomandi verði veitt heimild til deiliskipulagsgerðar eða að sveitarfélagið láti vinna deiliskipulag á umræddu svæði. Deiliskipulag er alltaf unnið á kostnað framkvæmdaaðila/landeiganda þó svo að sveitarfélagið láti vinna það sbr. 38 gr. laga nr. 123/2010.

**6. Umsagnir um skipulagslýsingu á gamla bæjarstæðinu í Reykjahlíð.**

Umsagnir b árust frá Skipulagsstofnun og Minjaverði Norðurlands eystra. Við deiliskipulagsgerðina verður tekið tillit til þeirra athugasemda og ábendinga sem þar koma fram.

**7. Önnur mál.**

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert, fundi slitið.  
Margrét Hólm Valsdóttir,  
Birgir Steingrímsson,  
Karl Emil Sveinsson,  
Pétur Snæbjörnsson,  
Eyrún Björnsdóttir